um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með stjórnarfrumvarpi þessu eru lögð fyrir þingið bráðabirgðalög, er út voru gefin 3. ágúst s. l. Voru þau gefin út í sambandi við bráðabirgðalög frá 1. ágúst um Seðlabanka Íslands og gengisbreytinguna, er þeim fylgdi.

Í nefndaráliti á þingskjali 450 legg ég til, að bráðabirgðalögin um færslu á gengisskráningarvaldinu til Seðlabankans verði felld. Ég legg því einnig til, að þessi bráðabirgðalög verði felld, þar sem þau eru í samhengi við seðlabankalögin og gengislækkunina og þannig einn þáttur þess máls.

Í 1. gr. frv. segir, að sú hækkun, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn vegna gengisbreytingarinnar, skuli færð á vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á þann reikning verði einnig færður gengismunur, er af sömu ástæðu kemur fram hjá bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. — Samhljóða ákvæði voru sett í lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, vegna gengisbreytingarinnar, sem þá var gerð.

Af ársskýrslu Seðlabanka Íslands 1961 má sjá, að halli á framannefndum gengisreikningi ríkissjóðs hjá bankanum vegna gengisbreytingarinnar 1960 hefur numið 190.1 millj. kr. Upp í þennan halla fékk Seðlabankinn innstæður ríkissjóðs í mótvirðissjóði og á sérstökum skuldagreiðslureikningi, samtals 112½ millj. kr., en innstæður þessar höfðu verið geymdar í bankanum árum saman. Að öðru leyti tók Seðlabankinn að sér að greiða hallann, og borgaði 37.6 millj. af honum fyrir síðustu áramót, en 40 millj. eru enn óafskrifaðar á svonefndum gengistapsreikningi bankans. — Hins vegar er upplýst af Seðlabankanum, að hreinn hagnaður, rúml. 2 millj. kr., hafi orðið á gengisreikningnum, sem stofnaður var skv. 1. gr. þessara bráðabirgðalaga í sambandi við gengisbreytinguna 1961.

Samkvæmt efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands 31. des. 1961 hefur myndazt innstæða á nýjum mótvirðissjóðsreikningi hjá bankanum árið 1961, að upphæð um 75.3 millj. kr. Um þennan reikning segir svo í ársskýrslu bankans:

„Þar er um að ræða 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar. Í árslok höfðu verið notaðar tæplega 2 millj. dollara af þessari fjárveitingu."

Af því, sem hér segir, má ætla, að á þennan reikning komi samtals töluvert á þriðja hundrað millj. króna, þegar allt 6 millj. dollara framlagið hefur borizt.

Fyrir efri deild Alþingis liggur nú frumvarp á þingskjali 286, flutt af þingmönnum Framsóknarflokksins, um, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengistöp Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja. Talið er, að þau gengistöp nemi alls um 123 millj. kr. — Ég tel eðlilegt, að það verði gert með þeim hætti, að gengistöpin verði færð á nýjan vaxtalausan reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Þá tel ég einnig rétt, að gengistap Fiskveiðasjóðs Íslands, sem talið er að nemi 37—38 millj. kr., verði fært á sama reikning.

Þeir þrír lánasjóðir, sem hér hafa verið nefndir, ræktunarsjóður, byggingarsjóður og fiskveiðasjóður, eru allir ríkisstofnanir. Þeir hafa fengið lán í erlendum gjaldeyri, og við gengislækkanirnar að undanförnu hafa þar komið fram gengistöp. Það verður að teljast eðlilegt, að með gengistöp þessara sjóða verði farið á sama hátt og gengistöp ríkissjóðs og ríkisbanka vegna annarra erlendra lána, sem tekin hafa verið til að mæta lánsfjárþörf þjóðarinnar. Til stuðnings þeirri tillögu, að hækkun á skuldum sjóðanna vegna gengisbreytinganna verði færð á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, má benda á, að nú er að myndast nýr mótvirðissjóður í vörzlum bankans, eins og áður er getið, sem var orðinn rúml. 75 millj. kr. um síðustu áramót, og er þá aðeins kominn tæplega einn þriðji hluti af væntanlegri innborgun á þann reikning. Mætti síðar semja um, að fé úr þessum nýja mótvirðissjóði yrði notað til að greiða skuldina á gengisreikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, eins og eldra mótvirðisfé var notað s. l. ár til greiðslu á gengistapi.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um eignarnám á hluta af andvirði útflutningsvöru, sem framleidd er fyrir 1. ágúst s. l., en greidd eftir þann tíma. Er það framkvæmt á þann hátt, að borgað er lægra verð fyrir gjaldeyri, sem fæst fyrir þær afurðir, heldur en greiða ber samkv. gengisskráningunni, þegar greiðsla fer fram. Ég tel þetta ákvæði um eignaupptöku óréttmætt og einnig mjög varhugavert. Má í því sambandi vísa til fyrirmæla í stjórnarskrá lýðveldisins.

Í 7. gr. eru ákvæði um mikla hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Talið er, að hækkunin nemi rúml. 100 millj. kr. á ári, og er þá miðað við áætlaðan útflutning að verðmæti 2830 millj. kr. Í brtt. meiri hl. fjárhagsnefndar við þessa

grein er lagt til, að hækkunin á útflutningsgjaldinu gangi fyrst í stað til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, en síðan renni um það bil helmingur hækkunarinnar til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ég tel ekki rétt að leggja ný gjöld á sjávarútveginn í því skyni að afla fjár til lánastofnana.

Eins og áður segir, legg ég til, að frumvarpið um breytingu á seðlabankalögunum og einnig þetta frv. verði felld. En ef ekki verður fallizt á þær tillögur mínar, mun ég flytja breytingartillögur við þetta frv.

Alþingi, 26. marz 1962.

Skúli Guðmundsson.